

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15,
690 Vopnafjörður

Garðabær, 10. júlí 2023
Málsnúmer: 202306-0030
SS/LA

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna veiðihúss við Hofsá í Vopnafirði.

Vísað er í tölvubréf dags. 22. júní 2023 frá Skipulagsgátt, þar sem skipulags- og byggingarfulltrúi Vopnafjarðarhrepps óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 og fyrir nýtt deiliskipulag um veiðihús í landi Hofs við Hofsá í Vopnafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur að fjalla þurfi vandlega um áhrif skipulagsáformanna á jarðminjar og landslag og í umfjöllun um umhverfismat skipulagsins á bls. 7 vantar t.d. að nefna jarðminjar sem umhverfisþátt. Ýmsar rannsóknir eru til um laus jarðlög frá síðjökultíma í Hofsárdal en þá er talið að jökull hafi staðið í mynni dalsins.

Áætlað er að byggja veiðihús á að mestu óröskuðu svæði og þar sem byggingarmagn er umtalsvert er ljóst að allnokkuð rask verður af uppbyggingunni. Staðsetningin er á sethjalla sem rís a.m.k. 20 metra ofan við ána samkvæmt kortum sem fylgja lýsingu. Mörk svæðisins eru dregin yfir rofbrekkur hjallans og ekki alveg ljóst hvort til standi að lækka hjallann niður í átt að Hofsánni. Ef það er hugmyndin er hér um verulega mikið efnisnám að ræða og gera þarf grein fyrir hvað gert verður við efnið. Fram kemur að skilja eigi eftir kamb sem snýr að ánni að ósk landeigenda en hvernig það er útfært er ekki skýrt á þessu stigi.

Framkvæmdin mun breyta ásýnd svæðisins og marka spor í landslagsheild en landslag við Hofsá einkennist ekki síst af miklum og fallegum sethjölum sem áin hefur grafið sig niður í og myndað háa bakka.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar ef þess er óskað en gerir ekki aðrar athugasemdir um skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

